

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015, stækkun þéttbýlis á Flúðum.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. október 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2003-2015 frá 20. desember 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Þéttbýlið að Flúðum stækkar til norðurs og vesturs og breytist landnotkun á um 39 ha svæði úr landbúnaðarsvæði í íbúðarsvæði.
2. Tjaldsvæði stækkar úr 8,6 ha í 15,1 ha.
3. Iðnaðarsvæði stækkar til norðurs og landnotkun á því breytist í blandaða landnotkun, iðnaðarsvæði/athafnasvæði.
4. Árfarvegur Litlu-Laxár færist til norðvesturs vestan við Hofatún og styttist árfarvegurinn um 750 metra.
5. Stefnumörkun um landnotkun; „*Stefnt skal að því að góð landbúnaðarsvæði verði nýtt áfram til landbúnaðar*“ breytist í „*gott landbúnaðarland skal áfram nýtt til landbúnaðar.*“
6. Stefnumörkun um landnotkun; „*Eftir föngum skal komist hjá því að frístundahúsa-byggð verði reist á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu*“ breytist í „*ekki skal reisa frístundahús á góðu ræktunarlandi og landi sem hentar vel til landbúnaðarframleiðslu.*“

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 25. október 2007.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*